Bústaðkirkja og Grensáskirkja

# Félagsstarf fyrir alla í kirkjunum í hverfinu ykkar.





# Félagsstarf eldriborgara, miðvikudaga yfir vetrartímann. Frá kl 13-16 í safnaðarsal Bústaðkirkju.

samvera þar sem er spilað og unnin handavinna. Slökun, hugleiðing og bæn.
Gestir koma í heimsókn, annað hvort með fróðlegt innlegg eða skemmtiefni. Farið er í vorferð og haustferð. Ferðirnar eru dagsferðir í kringum höfuðborgarsvæðið. Suðurland eða Vesturland.
Stundum er spilað Bingó og höfum við líka farið í heimsóknir til vina safnaða bæði á höfðuborgarsvæðinu og á Akranes. Hólmfríður djákni











# Karlakaffi, samvera fyrir heldri karla í kapellunni í Bústaðakirkju

Annan föstudag í mánuði kl 10-11:30.

samvera með spjalli og fróðleik. Hólmfríður djákni sér um stundina

Prjónakaffi. Samvera fyrir prjónara og alla aðra. Þriðja mánudag í mánuði kl 20:00. í safnaðarsal Bústaðakirkju.
Hólmfríður djákni sér um stundina



# Prjónahópur á fimmtudagsmorgnum í Grensáskirkju frá kl 10-12.

Spjall yfir prjónaskapnum og létt hressing, stundin er í umsjá Þuríðar Guðnadóttur.



# Næring fyrir sál og líkama í Grensáskirkju

Kyrrðarstund á þriðjudögum kl. 12.-12.20. Orgel, íhugun og bæn, einnig á FB. Prestar sóknanna sjá um stundina. Séra María Guðrúnar Ágústsdóttir, Eva Björk Valdimarsdóttir og Þorvaldur Víðisson.

Núvitundarstund á fimmtudögum kl. 18.15-18.45. Leidd núvitundaríhugun, einnig á FB. Stundin er í umsjá séra Maríu Guðrúnar Ágústsdóttur.






# Æskylýðsfélagið Póný

1. Æskulýðsfélagið Pony er æskulýðsstarf fyrir alla unglinga á í 8.-10. bekk. Samverur fara fram í safnaðarheimili Grensáskirkju á fimmtudögum klukkan 20.00-21.30. Æskulýðsfélagið er vettvangur fyrir unglinga til að leika, læra og efla bænalíf sitt. Við leggjum áherslu á að hafa dagskránna skemmtilega og fjölbreytta og er boðið meðal annars upp á brjóstsykursgerð, tie dye, spilakvöld, nammifundi, leikjafundi, karamelluspurningakeppni, pictionary og margt fleira. Félagið tekur einnig virkan þátt í viðburður og æskulýðsmótum æskulýðssambandanna ÆSKR og ÆSKÞ.
2. Umsjón með æskulýðsstarfinu hafa Sóley Adda Egilsdóttir, Daníel Ágúst Gautason, Ásmundur Máni Þorsteinsson og sr. Eva Björk Valdimarsdóttir.





# Barnastarf, starf fyrir 10-12 ára, TTT á fimmtudögum milli 14:30 og 15:30.

1. Starfið fer fram í Grensáskirkju og er í umsjá Sóleyjar Öddu og Daníels Gautasonar. Áhersla er lögð á létta og skemmtilega samveru með fróðleik um  allt mögulegt. Föndur, spil, leikir, bakstur o.s frv.





# Foreldramorgnar í Bústaðakirkju á fimmtudagsmorgnum í „gamla bókasafninu“ niðri.

1. Gengið inn frá Bústaðavegi. Samvera frá kl 10-12 þar sem foreldrar koma með litlu krílin með sér og spjalla. Ragnheiður Bjarnadóttir sér um stundina. Ýmiss fróðleikur fyrir foreldra og svo sungnir barnasálmar. Ávallt er boðið upp á hressingu. Stundin er í umsjá Ragnheiðar Bjarnadóttur.




Kærar þakkir og hlökkum til
að taka á móti ykkur.